

AÐALUPPDRÁTTUR 1:100
 Sunnuvegur 12 á Þórshöfn

Húslýsing

Húsið er parhús á lóðinni Sunnuvegi 12 á Þórshöfn í Langanesbyggð. Landnúmer lóðar er Lxxxxx. Húsið er staðsett innan byggingarreits og er útsett frá miðju hans. Þakið á húsinu er að meginhluta samfellt mænispak í mænisstefnu götu, í samræmi við áður byggð hús við götuna Sunnuveg. Húsið er sameignarhús, sem skiptist í 2 jafn stórar íbúðir. Hvorri íbúð fylgir lóð, sem skiptist eftir miðlinu á milli húshluta og er skilgreind og hnitasett á uppdraetti. Báðum íbúðum fylgir sambyggð bílgeymsla, sem snýr að götu fyrir miðju húsi. Aðalinngangar í íbúðirnar verða á aðkomuhlið hússins, sitt hvoru megin við bílgeymslurnar. Frá aðalinngangi er gengið beint inn í aðalrými hússins, framhjá tveimur herbergjum. Í aðalrými eru eldhús, borðstofa og stofa. Á móts við eldhús er þvottahús og baðherbergi. Aðal svefnherbergi er innaf stofu. Í bílskúr verða inntök fyrir veitur, s.s. vatns- rafmagns- og fjarskipti. Innaf bílskúr er geymsla. Frá þvottahúsi er gengt inn í bílskúr. Til hliðar við aðalinngang eru göngudyr inn í bílskúr. Innihurðir skulu vera amk. 80cm að breidd og aðaldyr og göngudyr í bílskúr amk. 90cm. Gert er ráð fyrir bílastæðum fyrir framan bílskúra við aðkomuhlið austan megin. Vestan við húsið hafa báðar íbúðir möguleiki á að gera rúmgóða verönd, sem snýr vel að sólu og útsýni mestan part dags.

Algild hönnun

Með einföldum breytingum er hægt að aðlaga íbúðirnar að algildri hönnun. Húsið er hannað og byggt fyrir einstaklinga til einkafnota. Helstu rými hússins, s.s. aðkoma og umferðarrými, baðherbergi, aðal svefnherbergi, eldhús og stofa geta uppfyllt skilyrði um lágmarks athafnasvæði ef miðað er við 150cm snúningsrými fyrir hjólastól.

Útsetning

Útsetning og hæðarsetning húss er í samræmi við deiliskipulagsskilmála og unnin útfra ÍSN93 og unnið á kortagrunn deiliskipulagshöfundar fyrir Þórshöfn í Langanesbyggð. Hæðarsetning húss verður ákveðinn útfra mælingum sem verða gerðar þegar grunnur hússins verður grafinn. Unnið verður með svokallaðan "núllkóta" þangað til. Staðsetning fráveitu er ekki sýnd á kortagrunni.

Lóð og bílastæði

Á lóð verða 2-3 bílastæði framan við hverja íbúð. Megin aðkomur innan lóðar verða hellulagðar eða steinsteyptar. Önnur svæði lóðarinnar verða þakin grasi. Lögð er rík áhersla á að lóðareigendur samliggjandi lóða hafi samráð um frágang við lóðarmörk og mörk sérafnotasvæða. Heimilt verður að setja verandir með skjólveggjum við húsið. Skjólveggir skulu vera samlitir útveggjalit hússins. Sorp skal flokka og meðhöndla eins og kveðið er á um í deiliskipulagsskilmálum og staðsetning sorpláta er við lóðarmörk aðkomumegin húss. Gróður á lóð verði í samræmi við ákvæði deiliskipulags.

Inniveggir og loft

Veggir inni verða plötuklæddir með OSB og gífsplötum. Loft verða plötuklædd með OSB og gífsplötum. Veggir og loft í votrymum eru klædd með rakapólnum gífsplötum. Frágangur votryma skal vera í samræmi við Rb-blað Nýsköpunarmiðstöðvar "Frágangur votryma."

Einangrun einstakra byggingarhluta:

Botnplata einangruð með 100mm steinull(þéttull eða plast)
Útveggir í timburgrind 150mm steinull (þéttull)
Þak, bitasperruþak 250mm steinull (Þakull m. vindvörn)

Gluggar og hurðir verða úr timbri.
Gler verður Prefalt.

Niðurstaða		
Orkurammí	385	W/K
Rauntap	214	W/K
Leiðnitap á ferm. gólfs	0,70	W/m ² °C
Útveggir ,vegið meðaltal	0,21	W/m ² K
Aflþörf	14.791	W
Varmaþörf	53.506	kWh/ár

Hnitaskrá

Hnitaskrá er í samræmi við ÍSN93
Unnið á teiknigrunn fyrir deiliskipulag Þórshafnar í Langanesbyggð.

Lóðarmörk skv. teiknigrunni

LM1	x	665365.23	y	638068.15
LM2	x	665378.39	y	638040.59
LM3	x	665345.69	y	638023.72
LM4	x	665338.44	y	638034.57
LM5	x	665329.71	y	638054.44
LM6	x	665336.94	y	638037.98
LM7	x	665371.16	y	638054.33

Útsetning húss / úthorn húss

HH8	x	665367.24	y	638039.16
HH9	x	665356.41	y	638033.99
HH10	x	665346.07	y	638055.64
HH11	x	665356.89	y	638060.81



Afstöðumynd 1:500

Sunnuvegur 12 á Þórshöfn

Sveitarfélagið Langanesbyggð (6710)
Kt. 420369 1749

Landeignanúmer 236693
Fasteignanúmer 2530088 - 01
Staðfanganúmer xxxxxxx

Brúttóflatarmál 306,6m2
Nettóflatarmál 264,8m2
Brúttórúmmál 1329,8m3
Lóðarstærð 1227,0m2
Nýtingarhlutfall 0,25

Sunnuvegur 12a, mhl. 01 0101:

Brúttóflatarmál 153,3m²
Nettóflatarmál 132,4m²
Brúttórúmmál 331,0m³
Lóð sérafnot 625,0m²

Sunnuvegur 12b, mhl. 01 0102:

Brúttóflatarmál 153,3m²
Nettóflatarmál 132,4m²
Brúttórúmmál 331,0m³
Lóð sérafnot 602,0m²

Einangrun

Einangrun er miðuð við ákvæði gr.180 um hámarks U-gildi einstakra byggingarhluta og vegið meðaltal U-gildi útveggja verður uppfyllt.

Notað verður prefalt gler í alla glugga.

Hámarksgildi kólnunartalna
Byggingarhluta U-gildi W/m2 K

1. Léttir útveggir 0,30
2. Þak 0,20
3. Gólf að óupphituðu rými 0,30
4. Gluggar + karmar + gler vegið meðaltal 2,00
5. Hurðir 3,00
- Útveggir, vegið meðaltal 0,85

Breytt:	/	/	_____
Breytt:	/	/	_____
Breytt:	/	/	_____
Breytt:	/	/	_____

Byggingarstjóri dagssetning og kennitala

Verknr. SA2503S
Sunnuvegur 12 á Þórshöfn

Fasteignanúmer: -01 Landeignanúmer: 239278
 Langanesbyggð 6710

Aðaluppdráttur
 Afstöðumynd, hús- og byggingarlýsing, hnitaskrá, staðsetning á lóð, einangrunarkröfur og niðurstaða orkuútreiknings.

Hannað: SÁ Kvarði: 1:500
 Reiknað: Dagss.: 21.4.2025
 Teiknað: SÁ Verk nr.: SA2503S
 Yfirfarið: Teikn. nr: **A 101**

Dagss. 21.4.2025

Sigurbergur Árnason arkitekt kt. 050656-3229
 Norðurvangi 44 - 220 Hafnarfirði sími 8208283 sigurbergur@arkitektinn.is

WWW.ARKITEKTINN.IS